

# Fréttatilkygning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 12/2011.

---

Reykjavík, 5.04.2011

2011040023

**Efni:** Ómerktir ofnæmis- og óþolsvaldar (hnetur og sojalesítín) á umbúðum „Skafís – vanilluís með Daim-kúlum“ og „Rjómaís með Daimkúlum“ frá Emmessís.

Emmessís hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla úr verslunum vörunar „Skafís – vanilluís með Daim-kúlum“ og „Rjómaís með Daimkúlum“ þar sem ofnæmis- og óþolsvaldar eru ekki merktir á umbúðum þeirra.

**Vöruheiti:** „Skafís – vanilluís með Daim-kúlum“ og „Rjómaís með Daimkúlum“.

**Þyngd:** 1,5 l. Emmessís hætti framleiðslu á vörunum í 2 l umbúðum um mitt síðasta ár en þær geta þó leynst á markaði.

**Umbúðir:** Plastöskjur.

**Framleiðandi:** Emmessís, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.

**Geymsluskilyrði:** Frystivara.

**Dreifing:** Um land allt.

Ekki kemur fram í innihaldslýsingu á umbúðum matvælanna að þau innihalda hnetur (möndlur) og sojalesítín. Hnetur og afurðir úr soja eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Tekið skal fram að vörunar eru skaðlausar fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir hnetum og soja. Vörunar „Skafís – vanilluís með Daim-kúlum“ og „Rjómaís með Daimkúlum“ frá Emmessís sem vanmerktar eru m.t.t ofnæmis- og óþolsvalda skulu ekki vera í dreifingu eftir 5.04.2011. Þeir neytendur sem eiga umræddar vörur og eru viðkvæmir fyrir hnetum og soja eru beðnir um að farga þeim eða hafa samband við Emmessís í síma 520 4200.

